

Fundur fagdeild sjúkraflutningamanna LSS
Haldinn 17/3/15 á slökkvistöðinni Tunguhálsi

10 -12

Mættir: Anton Berg Carrasco, Hermann Maggýjarson, Ingólfur Bragason, Gústaf Alex Gústafsson og Njáll Pálsson sem jafnframt ritar fundargerð.

Menntunarmál: Talsverðar umræður um stöðu mála. Anton og Njáll upplýstu fagdeildarmenn um hvernig vinnu við undirbúnings nýs grunnnáms miðar áfram. Talsverð vinna þegar unnin en töluvert eftir. Miklar áhyggju- og gagnrýnisraddir hafa heyrst frá stéttinni og rekstraraðilum vegna fyrirkomulags nýja námsins. Fundarmenn sammála um að taka verði tillit til þess í frekari vinnu málsins. Fyrirhugaður fundur fagráðs sjúkraflutninga Íslands 20. apríl næstkomandi með umsjónarlæknum, rekstraraðilum og fagráði sjúkraflutningaskólans vekur vonir um að þá muni línur skýrast. Á þann fund munu mæta fulltrúar frá Landlækni og Velferðarráðuneytinu. Það sem virðist vanta er skýr stefnumörkun í bráðþjónustu utanspítala á Íslandi.

Fagdeildarmenn lýstu miklum áhyggjum af undanþágum þeim sem verið er að veita varðandi forkröfur á EMT-B námskeið sem verið er að keyra núna. Jafnframt undanþágur vegna EMT-I námskeiðs sem haldið er þessa dagana fyrir LHG. Ályktun samin og samþykkt þar að lútandi, verður send fagráði Sjúkraflutningaskólans.

Lítið hefur þokast í bráðataeknanámsmálum. Þó er búið að opna aftur gátt fyrir fólk að komast til Pittsburgh USA, eins og löng og góð hefð hefur verið fyrir. Ljóst er að mikill áhugi er á náminu hvort sem það sé sótt erlendis eða boðið verði upp á það héraendis. Áfram verður unnið að þessum málum. Ályktun varðandi þetta samin og samþykkt, verður send fagráði Sjúkraflutningaskólans.

Mikið var rætt um gildi menntunar sjúkraflutningamanna og hve sterk réttindi fólks sé í raun þegar sótt er um vinnu hjá rekstraraðilum sjúkraflutningamanna. Vægi menntunarinnar virðist ekki vega þungt þegar sótt er um vinnu hjá stærri rekstraraðilum. Málið rætt og ályktun samin vegna þess, samþykkt og send stjórn LSS til frekari umfjöllunar.

Bílamál: NP kynnir sérstakan starfshóp sem ætlað er að yfirfara og koma með hugmyndir að nýrri kröfulýsingu vegna sjúkrabílainnkaupa. Hópurinn samanstendur af fagdeild sjúkraflutningamanna auk nokkurra annarra lykilmanna stéttarinnar er komið hafa að bílamálum í gegnum tíðina. Hópurinn starfar í umboði fagráðs sjúkraflutninga. Fyrsti fundur

hjá hópnum samdægurs þessum fundi eftir hádegi á sama stað. Fundarmenn sammála um mikilvægi þess að vinna hópsins njóti sannmælis og friðs.

IB leggur fram greinargerð þar sem borið er saman útboðslýsing og sjúkrabíll af minni gerð sem slökkvilið Fjarðarbyggðar fékk afhent nýverið. Í henni kemur fram að ýmis atriði eru ekki efnd.